



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/49

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1406
komudagur 22. 3. 2006

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664
www.sit.is

20. mars 2006

Efni: Um lagafrumvarp um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, 556. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. mars sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Frumvarpinu er í hnotskurn ætlað að styrkja starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi auk sérlaga, er snúa að starfsemi aðila, sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins (FME), þ.e. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 32/2003 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og loks lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Tilfni þessara breytinga sýnist einkum vera tiltölulega nýlegur úrskurður kærunefndar, sem starfar skv. 18. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar sem ekki var fallist á heimildir FME til að leggja dagsektir á tiltekna aðila, þar sem þeir væru ekki beint eftirlitsskyldir aðilar. Viðurkennt var hins vegar, að FME væri ótvírætt heimilt að afla upplýsinga og gagna frá þessum aðilum. Þetta höfuðtilfni lagafrumvarps þessa virðist hafa kallað á bæði skjót og allróttæk viðbrögð. Lýsir það sér m.a. í því, að nokkur fljótaskrift sýnist vera á samningu frumvarpsins auk þess sem þar er að finna beina tillögu um að áðurgreind kærunefnd verði lögð af. Auk þessara almenna sjónarmiða skal bent á eftirfarandi:

1. 3. málsl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi og 2. málsl. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eru nú efnislega samhljóða, og eru fyrir því nokkur rök. Í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, sbr. 11. gr. frumvarpsins, er lagt til, að í 2. málsl. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 verði tekið upp nýtt viðmiðunarmark, 25%, varðandi samþykkt FME við aukningu eignarhlutar, auk 20, 33 og 50% viðmiðunarmarkna, sem nú eru í lögum. Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um sambærilaga breytingu á 3. málsl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 60/1994, og er engin skýring á þessu gefin.
2. Í 17. gr. frumvarpsins vegna laga um váttryggingastarfsemi og í 12. gr. frumvarpsins vegna laga um fjármálafyrirtæki er mælt fyrir um skilgreiningu á **óbeinum virkum eignarhlut**. Við samningu þessara ákvæða hefur verið horft til 37. gr. nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. Í þessum greinum frumvarpsins, rétt eins og lögum um verðbréfavíðskipti segir efnislega, að samstarf skuli jafnaðarlega talið vera fyrir hendi,

þegar um m.a. eftirfarandi tengsl sé að ræða: Hjón, aðila í staðfestri samvist og aðila í **skráðri sambúð**. Hugtökin hjón og aðilar í staðfestri samvist eru til í lögum, en skráð sambúð hins vegar ekki. Hér mun væntanlega átt við óvígða sambúð, sem getur haft þýðingu skv. lögum, t.d. í skattalögum óski sambúðaraðilar samsköttunar, enda uppfylli þeir tiltekin skilyrði, eða að aðilar hafi á einhvern hátt verið skráðir í sambúð á sama lögheimili skv. þjóðskrá. Að ósekju mætti skýra ítarlegar hugtakið skráð sambúð í frumvarpinu og þar með hvers konar óvígða sambúð ákvæði þessu er ætlað að ná til. Loks skal bent á, að a.m.k. í þeirri gerð frumvarpsins, sem send var til umsagnar, er upphaf 3. mgr. 39. gr. prentað tvisvar.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson